

FRÆÐSLA & RÁÐGJÖF

Almenni lífeyrissjóðurinn • október 2014

Töfratalan 3,5

- Hvað þarftu að eiga mikið til að fá ásættanleg eftirlaun?
- Hvað þarftu að leggja mikið fyrir til þess að ná því?


Talan 3,5 er oft nefnd í umræðum um lífeyrissjóði og eftirlaunasparnað. Lífeyrissjóðir miða við 3,5% raunvexti í réttindatöflum sem þeir nota til að reikna réttindi sjóðfélaga. Ávöxtunarviðmiðið, sem byggir á sögulegri langtímaávöxtun á alþjóðlegum fjármálamörkuðum, er einnig notað við útreikning á verðmæti eigna og skuldbindinga sjóðanna sem er gert til að meta getu þeirra til að standa við skuldbindingar og hvort sjóðir þurfa að breyta réttindum. Viðmiðið er umdeilt en er í raun bara mælistika sem skiptir ekki máli því til lengri tíma ræður raunveruleg afkoma sjóðanna endanlegum réttindum og lífeyrisgreiðslum. Í þessari grein er lagt til að nota 3,5 sem sparnaðarviðmið fyrir viðbótarlífeyrissparnað.

Til þess að geta metið hvort núverandi eftirlaunasparnaður sé nægjanlegur er nauðsynlegt að hafa skoðun á því hver eftirlaunin eiga að vera. Sá sem hefur skoðun á því getur áætlað hvað þarf að eiga mikið og sett sér sparnaðarmarkmið. En hvernig myndar maður sér skoðun á því hver eftirlaun eiga að vera? Nærtækast er að horfa til núverandi launa og meta þörfina út frá þeim. Er hægt að lifa á lægri tekjum en launum í dag? Til þess að svara því þarf að meta núverandi útgjöld og líkleg útgjöld eftir að vinnu lýkur.

- Sá sem er hættur að vinna þarf t.d. ekki að greiða í lífeyrisjóð eða vera með viðbótarlífeyrissparnað.
- Sá sem er kominn á lífeyri þarf heldur ekki að verja sig fyrir

Hvað þarf að eiga mörg árslaun?

Fjöldi árslauna



Einstaklingur sem vill tryggja sér 70% af núverandi launum í eftirlaun í 15 ár þarf að byggja upp sjóð sem nemur 8,2 árslaunum. Ef gert er ráð fyrir að lífeyrissjóður greiði um 40% af lokalaunum þarf að safna sjóði sem nemur 3,5 árslaunum. Tölurnar breytast ef markmiðið er annað hlutfall af launum.

Forsendur: Reiknað er með 3,5% ávöxtun á ári, að lífeyrissjóður greiði ellilífeyri sem nemur 40% af lokalaunum og viðbótarsparnaður þurfi að endast í 15 ár.

- tekjumissi með örorkutryggingu.
- Sá sem verður búinn að greiða upp skuldir í starfslok þarf ekki að greiða af lánum og hefur ekki þörf á líftryggingu vegna skulda.
- Í lok starfsævinnar verða erfingjar í

- flestum tilvikum farnir að heiman þannig að húsnæðis- og matarkostnaður ætti að lækka.
- Á móti kemur að með hækkandi aldri eykst ýmis annar kostnaður eins og frístunda-, lækna- og lyfjakostnaður.

Algengast er að markmið um eftirlaun sé ákveðið hlutfall af núverandi launum, t.d. 60% til 80% af launum. Hlutfallið ræðst m.a. af framfærslukostnaði, fjárhæð launa og af þeim lífsstíl eða lífsgæðum sem einstaklingur/hjón hafa tileinkað sér. Eftirlaun þurfa að a.m.k. að duga til að tryggja lágmarksframfærslu sem samkvæmt framfærsluviðmiðum velferðarráðuneytis eru nálægt 180 þús.kr. fyrir einstaklinga og 325 þús.kr. fyrir hjón (grunnviðmið). Margir vilja hafa hærra eftirlaun framan af eftirlaunarárunum og miða þá gjarnan við að kaupmáttur haldist óbreyttur í 10 til 15 ár eftir að vinnu lýkur en dugi síðan til að tryggja lágmarksframfærslu.

Til að glöggva sig á hvað þarf mikinn sparnað getur verið gagnlegt að reikna hvað þarf að eiga mörg árslaun til að greiða eftirlaun. Ef reiknað er með 3,5% raunvöxtum þarf einstaklingur að eiga 11,7 árslaun til að halda óbreyttum launum í 15 ár. Ef stefnan er að eftirlaun séu 70% af launum þarf einstaklingur að eiga samtals sparnað og lífeyrisréttindi sem samsvarar 8,2 árslaunum.

Eftirlaun samanstanda yfirleitt af fjórum tekjuliðum sem eru ellilífeyrir almannatrygginga, ellilífeyrir lífeyrissjóða, viðbótarlífeyrissparnaður og annar sparnaður eða aðrar eignir. Almannatryggingar tryggja að allir hafi lágmarkslífeyri með því að greiða tekjutengdan lífeyri sem fellur niður þegar greiðslur úr lífeyrissjóðum og aðrar tekjur fara yfir ákveðin fjárhæðarmörk. Lífeyrissjóðir eru með skyldu aðild sem tryggir að allir sem búa og starfa á Íslandi fá eftirlaun til æviloka. Markmið lífeyrissjóða er að greiða sjóðfélögum ævilangan ellilífeyri sem svarar til 56% af meðallaunum frá viðmiðunaráldri. Þar sem laun hækka yfirleitt á starfsævinni er ellilífeyrir lífeyrissjóða sem hlutfall af lokalaunum yfirleitt lægri og ræðst bilið af afkomu og hversu mikið laun hækka á starfsævinni. Hér er reiknað með því að lífeyrissjóðir greiði eftirlaun sem nema 40% af lokalaunum. Einstaklingar þurfa að leggja fyrir og byggja upp eftirlaunasjóð til að bæta við eftirlaunin umfram það.


Ef einstaklingur vill fá 70% af núverandi launum þarf hann að



Við fyrstu sýn virðist e.t.v. einfalt að safna upp þremur og hálfum árslaunum en þegar betur er að gáð getur það þó verið mikið átak. Ein leið er að ljúka þessu af og leggja öll laun í 3,5 ár fyrir en það geta fáið engir. Fyrir flesta er best að byggja upp sparnaðinn með reglulegum sparnaði og þá skiptir máli að byrja fyrr en seinna. Þannig þarf að leggja fyrir 4%–5% af launum ef sparnaðartíminn er 40 ár en 29%–31% ef sparnaðartíminn er 10 ár. Sá sem nýtir sér heimild til viðbótarlífeyrissparnaðar alla starfsævina og leggur fyrir 2%–4% af launum og fær 2% mótframlag launagreiðanda fer langt með að ná markmiðinu um að safna 3,5 árslaunum.

Hvað þarf að spara mikið til að eignast 3,5 árslaun?

Sparnaður sem hlutfall af launum



Besta leiðin til að byggja upp eftirlaunasjóð er reglulegur sparnaður. Því fyrr sem byrjað er að leggja fyrir því minna þarf að leggja fyrir í einu.

Forsendur: Reiknað er með 3,5% ávöxtun á ári.

byggja upp viðbótarsparnað sem svarar til 3,5 núverandi árslauna. Einstaklingur sem hefur 500 þús.kr. á mánuði þarf þá að eiga 21 milljón í viðbótarsparnað en sá sem hefur 750

þúsund krónur á mánuði þarf að safna um 32 milljónum. Hér er reiknað með sparnaði sem er lagður fyrir skattfrjálst en skattur greiddur við úttekt. Ef sparnaður er lagður fyrir eftir

skatta lækkar fjárhæðin sem þarf að eiga um nálægt 40% í krónum.

Í þessari grein eru einfaldar forsendur notaðar til að búa til 3,5 árslaun sem viðmið um æskilegan viðbótarsparnað til eftirlauna. Rétt er að áréttta að aðstæður og óskir

einstaklinga eru mismunandi og mörgum dugar því minni eftirlaunsparnaður en aðrir vilja safna meira. Aðalatriðið er að hver og einn hugi tímanlega að þessum málum því afkoman í starfslok ræðst fyrst og fremst af sparnaði og ráðdeild á

starfsævinni. Það skiptir máli því það bíður okkar flestra að fara á eftirlaun og eftirlaunaárin eru oft langur tími.

Viðmið er ekki töfratala eða heilagur sannleikur. Þau geta hinsvegar verið gagnleg ef litið er til þeirra og þau nýtt til að gera áætlun eða setja sér

markmið. Viðmið ráða heldur ekki endanlegum árangri, hann ræðst af hversu vel gengur að fylgja eftir áætlun, í þessu tilviki að leggja fyrir eins og áætlun gerir ráð fyrir og hver ávöxtunin verður. En viðmið eru hjálpleg til að vita hvert á að stefna.

Hvernig getur Almenni aðstoðað þig?

- Almenni lífeyrissjóðurinn býður sjóðfélögum að hitta ráðgjafa á stöðufundi um eignir og lífeyrisréttindi. Smelltu hér til að bóka [stöðufund](#).
- Á [sjóðfélagavef](#) Almenna lífeyrissjóðsins getur þú fylgst með inneign í séreignarsjóði og réttindum í samtryggingarsjóði. Á sjóðfélagavefnum hefur þú aðgang að Lyklinum sem er lífeyrisreiknivél með ráðgjöf sem hægt er að nota til að framreikna lífeyrisréttindi og gera áætlun um sparnað til að ná markmiðum.

Almenni lífeyrissjóðurinn • Borgartúni 25 • 105 Reykjavík
Sími 510 2500 • www.almenni.is • almenni@almenni.is



Fræðslugreinar Almenna lífeyrissjóðsins eru skrifaðar með hliðsjón af upplýsingum sem liggja fyrir á hverjum tíma. Sjóðurinn og starfsmenn hans bera ekki ábyrgð á ákvörðunum sem eru teknar á grundvelli efnis og upplýsinga sem birtast í greinunum. Lesendum er ráðlagt að kynna sér málin vel og fá ráðgjöf og upplýsingar frá fleiri en einum aðila áður en ákvarðanir eru teknar.